

til að hafi verið með kærandi og haft mök við hana á getnaðartímanum.

Dómarinn verður nú að lita svo á að nokkrar líkur sjeu framkomnar fyrir því að framburður kærandi sje sannur. Liggja þau rök til þess, að kærður kveðst hafa heyrt að hann væri nefndur faðir barns kærandi og heimsækir hana til að ræða þetta við hana, án þess að hann geti nokkra grein gert fyrir því, hver hafi sagt honum þetta, hann gefur kærandi peninga, bæði fyrir barnsburðinn og eftir, hann sjer um skirn barnsins og greiðir kostnaðinn, án þess að hann hafi nokkra sennilega grein getað gert fyrir því, hvers vegna hann hafi gert það. Þar sem kærandi og kærður eru ekki sammála um málsatvikin og úrslit málsins verða að vera komin undir eiði annarshvors málsaðila, verður dómarinn samkvæmt því er að framan segir að telja það rjettara að þau verði látin vera komin undir fyllingareiði kærandi, þannig, að vinni hún eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, innan fimtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan, á tímabilinu 15. október til 15. nóvember f. á., skal kærður, Ingimundur Guðmundsson, teljast faðir sveinbarns þess, er kærandi ól 11. júlí þ. á. og hlaut í skirninni nafnið Ágúst. Ber honum þá að greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður eftir úrskurði yfirvalds og kr. 20,00 í málskostnað.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofeldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfu hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 20. apríl 1928.

Nr. 11/1928.

Valdstjórnin (Bjarni Þ. Johnson)
gegn

Karli Jónssyni (L. Fjeldsted).

Bifreiðalagabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 23. jan. 1928: Kærður Karl Jónsson, greiði 100 kr. sekt í rikissjóð

innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga. Ennfremur skal kærður sviftur leyfi til að aka bifreið næstu 6 mánuðina frá 20. nóv. s.l. að telja. Svó greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hjæraðsdómarinn hefir rjettilega heimfært afbrot kærða undir 5., 6. og 7. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926 og 48. og 49. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur 19. apríl 1919 og þykir með skirskotun til þess, sem tekið er fram í lögreglurjettardóminum, hæfilegt að ákveða refsinguna 200 kr. sekt í rikissjóð og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svó skal og kærði sviftur leyfi til að aka bifreið í 18 mánuði frá 20. nóv. 1927 að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hjæraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Þvi dæmist rjett vera:

Kærði, Karl Jónsson, greiði 200 kr. sekt í rikissjóð, er aflánist með 15 daga einföldu fangelsi ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svó skal og kærði sviftur leyfi til að aka bifreið í 18 mánuði frá 20. nóv. 1927 að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hjæraði og hæstarjetti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflytningsmannanna

Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Karli Jónssyni bifreiðarstjóra, Bræðraborgarstig 8 B, fyrir brot gegn ákvæðum bifreiðarlaganna nr. 56 frá 15. júní 1926 og lög-reglusamþykktarinnar fyrir Reykjavík frá 19. apríl 1919.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina og sannaðir með eigin játningu kærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Um kvöldið 20. nóbr. s.l. kveðst kærður hafa tekið upp hjá sjer heilfösku af portvini, er hann átti geymda heima hjá sjer, og drukkið úr henni ca. $\frac{1}{4}$ liter. Liðu svo nokkrar mínútur þar til kærður ákvað að taka bifreið þá, sem hann ekur, R.E. 174 og fara í henni suður í Suðurpól til bróður síns, sem býr þar. Var þá kærður orðinn talsvert undir áhrifum víns, ók hann svo að heiman eftir Vesturgötunni með um 30 km. hraða eftir því sem hann sjálfur segir, en er hann kom á mótis við verslun Geirs Zoëga kveðst hann hafa hægt ferðina niður undir 20 km., kveður hann þar hafa verið hvarf á veginum vinstramegin og hafi hann litið þangað, en hafa gleymt að athuga hvað fyrir framan hann var og ók þannig inn í hægri hluta vegarins og rakst á bifreið, sem þar var og braut hana allmikið, einnig braut kærður hægra framhjólíð á sinni bifreið og eyðilagði aurbrettið alveg.

Kærður hefir komist að samkomulagi við eiganda bifreiðarinnar sem hann rakst á.

Í málinu hafa verið leidd tvö vitni, maður sem var staddur á Vesturgötunni, er kærður fór þar fram hjá, og bifreiðarstjórinn í bifreiðinni sem kærður rakst á. Maðurinn sem staddur var á Vesturgötunni kveður bifreiðina hafa farið með minst 30—35 km. hraða og báðum kemur vitnunum saman um að kærður hafi verið drukkin.

Kærður hefir $\frac{15}{16}$ 1926 undirgengist fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur, 50 króna sekt fyrir að aka bifreið ölvaður. Frekari refsingu hefir hann ekki sætt svo vitanlegt sje.

Með þessu framferði sínu hefir kærður að álitu rjettarins brotið gegn ákvæðum 5., 6. og 7. gr. bifreiðarlaganna og 48. og 49. gr. lögreglusamþykktarinnar fyrir Reykjavík.

Refsing sú, er kærður hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin 100 kr. sekt, er renni í rikissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga. Með tilliti til þess að kærður var ölvaður og ók mjög hart og ógætilega á einni af fjölförnustu götum bæjarins svo verulegt slys hlaut af, þykir rjett að svifta hann leyfi til að aka bifreið í næstu 6 mánuði frá 20. nóv. s.l. að telja.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 30. apríl 1928.

Nr. 3/1928.

H.f. Bakki

gegn

Sigmundi Jóhannssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, h.f. Bakki, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. Svo greiði hann og stefnda, Sigmundi Jóhannssyni, er látið hefir mæta í málinu, 40 kr. ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.